

# Skógrækt að Stálpastaðum

ÁRIÐ 1951 áskotnaðist Skógrækt ríkisins jörðin Stálpastaðir í Skorradal. Það var Haukur Thors, er gaf jörðina, sem er rúmir 100 hektarar að stærð. — Skógrækt ríkisins girti landið og strax næsta ár var hafizt handa og gróðursettar fyrstu plönturnar. Árið 1954 var svo hafizt handa við að gróðursetja fyrir peninga, er Þorsteinn Kjarval gaf til skógræktar og er reiturinn kenndur honum og kallaður Kjarvalslundur. Tveimur árum síðar fær Skógræktin enn gjöf og er það frá gömlum nemendum Halldórs heitins Vilhjálmssonar, skólastjóra á Hvanneyri. Vildu þeir reisa honum óbröðgarnan minnisvarða og heitir hann Halldórslundur. —

Það voru glaðir og reifir karlar. Hvanneyringarnir Hall Jónsson, Ólafur Runólfsson, Gunnlaugur Ólafsson, Kristinn Guðmundsson, Ingimar Jóhannesson og Kristófer Grimsson, svo og Þorsteinn Kjarval, sem réttu um í skóglendi ú Stálpastaðalandi um nóhvil sl. laugardag. Þeir voru komnir norður Geld ingadrags, sumir af meiri vilja en metti, og nutu nú góða veðursins í lundir nýrra skóga. — Skógræktarstjóri, Hákon Bjarnason, bauð þessum heidursmönnum til að sjá hugsjón þeirra rættast og það er ekki orðum aukid, þótt sagt sé, að þeir hafi verið í sjöunda himni eða eins og ein þeirra orðaði það: „Við verðum bara ekki sömu menn eftir að hafa verið hér“.

Fjárhæð sú, er Hvanneyringar gáfu mun hafa numið tæpum átíttíu þúsund krónum. Ekki er ljóst, hver hugmyndina átti að þessari söfnun, en það var Magnús Kristjánsson, garðyrkjaumaður í



Hvanneyringarnir við minningarstein Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra, taldri frá vinstri: Halldór Jónsson, Ólafur Runólfsson, Gunnlaugur Ólafsson, Kristinn Guðmundsson, Ingimar Jóhannesson og Kristófer Grimsson.

Eskihlíð, sem gekk útlast fram við hana. Magnús er mikill áhugamaður um skógrækt. Hann hefur gefið fé í skógarlund að Múla við Isafjarðardjúp, auk þess, sem hann hefur ávallt verið mikill og góður stuðningsmaður Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Haldórslundur er um 20 hektarar að stærð og fullgróðursettur, að undanteknum dálitlum mel. Skógræktarstjóri, Hákon Bjarnason, og skógarvörðurinn að Stálpastaðum, Ágúst Arnason frá Holtmúla á Landi, kváðu fyrstu plönturnar, er settar hefðu verið niður í Halldórslundir nær eingöngu hafa verið rauðgreni, en nú væri svo komið, að um 100 þús. furu- og grenigræðingar væru í lundinum, en í öllu Stálpastaðalandi væri hálf milljón plantna. Flest er það sitkagreni eða 100 þús. plöntur, þá rauðgreni um 140

þús. þá stafafuru, skógarfuru, bergfuru o. s. frv. Alls kváðu þeir vera yfir 20 tegundir í lundinum.

Aðspurður um kostnaðinn við gróðursetningu hverrar plöntu, kváðu þeir það hafa verið um eina krónu fyrir 13 árum, en nú hins vegar um 2 krónur á plöntu. Hákon kváð það mikil og kostnaðarsamt starf að klippa niður og ryða birkkjarrið og sagðist hann ætla, að kostnaðurinn við hvern hektara í kjarrlendi væri einhverja staðar á milli 10 og 15 þúsund krónur.

Þegar gengið er inn með Skorradalsvatni, en Stálpastaðir eru við norðanvert vatnið, verður fyrst fyrir manni lundur, er Skógræktin hefur ræktað upp sjálf. Þá kemur næst Halldórslundur og þegar honum sleppir Kjarvals lundur.

Gömlu mennirnir skoðuðu næst Kjarvalslund. Þótti þeim gaman að sjá stærðarmuninn á trjánnum þar og í Halldórslund. Kjarvalslundur er tveimur árum eldri en lundur Hvanneyringanna og því að sjálfsögðu mun lengra á veg kominn. Kjarval lék á als oddi og næstum hljóp á milli hrislanna til þess að mæla hæð þeirra. Það gerði hann með staf sínum og gladdist gamli maðurinn í hvert skipti, sem hann fann vana hrislu. Hann hafði ekki komið í lundinn í þrjú ár og hafði hann orð á því, hve plöntunum hefði farið mikið fram á þessum tíma.

Í Kjarvalslundir eru allar þær plöntur, er áður er getið. Þar sáu gömlu mennirnir mikið af bergfuru, en hana kváð Hákon nægjuamasta á jarðveg allra barrtrjategunda, er enn hefðu verið fluttar til landsins. Þá er þar og mikið af sitkagreni og eina plöntu fundu þeir, þar sem ársprotti þessa árs var 57 cm. Ágúst skógarvörður kvæst þó hafa fundið nokkrum dögum áður plöntu, þar sem ársprotinn var 63 cm, svo að agljóst var að árað hafði vel fyrir skógrækt í sumar.

Austan við Kjarvalslund er lundur tveggja reykviskra kvenna, er gáfu Skógræktinni fé, en óskudu þess jafnframt, að nöfnun sínum yrði haldin leyndum. Í lundri þeirra er mikið af rauðgreni, sem er

innflutt frá Noregi. Ágúst skógarvörður sagði, að engin tegund hefði gefizt betur en þessi. Ekkert hefði kom-



Þorsteinn Kjarval mælir hæð einnar hrislunnar með stafnum sínum.

ló fyrir tréna og ársprotinn verið mjög jafn og stór. Um þessi tré sagði Hákon, að þau hefðu náð þeirri stærð, er vin sælust væri til notkunar sem jólatré. Hann kváð Dani vera 8—12 ár að rækta tré, er næðu slíkt hæð, en hér hefði ekki tekið nema 12 ár að rækta þau í þessa hæð, svo að á því mætti sjá að ekki væri síður unnt að rækta hér skóg en í Danmörku.

Aðspurður um það, hvort skógræktin væri ekki mikil búbót í þeim héraðum, sem hún væri í, sagði Hákon það vera. Hann kváð duglegustu menn geta gróðursett um 250 plöntur á dag og væri þá að sjálfsögðu um vana menn að ræða. Hins vegar kváð hann unnt með hinu nýja tæki, er kallað hefði verið bjúgaköfla, að gróðursetja allt um 8—900 plöntur á dag.

Austan í Stálpastaðalandi er lundur einn mikill, 30 hektarar að stærð, er kenndur er við norska Íslandsvininn Braaten. Braaten hefur verið mjög rausnarlegur í garð skógræktar á Íslandi og hefur fé því, er hann hefur gefið verið varið í þennan lund. Í Braatenslundir skoðuðu gömlu mennirnir m.a. giröngu, þar sem nokkrar kindur hafa verið hafðar á beit. — Kindurnar eru hafðar með poka, eins konar sarp, á hálsinum, sem hluti fæðunnar safnast í og má af því sjá,

hvaða gras- og trjategundir þær velja sér til ætis. Þessar ransóknir hefur Ingvi Þorsteinsson, starfsmaður Rannsóknarstofu Landbúnaðarins með höndum. Hákon sagði það reynslu Skógræktarinnar, að kindur legðust ekki á barrtré á sumrin, en hins vegar væru einhver brögð að því á útmánuðum. Annars sagði hann, að þessar ransóknir Ingva myndu skera úr um þetta í amiatríðum.

Árið 1938 hófu ungmennafélögin í Skorra- og Lundareykjadal að gróðursetja plöntur. Er lundur þeirra í Háafellslandi. Þetta var gert án allrar skipulagningar, þannig að nú er ekki vitað, hvaðan þær plöntur, er plantað var, eru. Lengi vel hafði lundurinn litið vaxið eða þar til skógræktin tók við honum og ruddi kjarrinu frá, þá tóku barrtrén vaxtarklipp og eru nú orðin nokkrar mannhæðir. Flestar plönturnar eru sitkagreni, en einnig er nokkuð af furu og broddgreni. Hákon kváð það leit, hve mikið hefði verið gróðursett af broddgreni, en það hefur ekki viljað dafna hér sunnanlands. Hins vegar lifði það vel á Norðurlandi og væri það líklega vegna þess, að þurrar er fyrir norðan. Þá kváð hann furulösinna hafa gert mikinn usla í skógarfurinni og hefði hún gert margan skógræktarmanninn gráharðan, en einhver þjóf sagði, að þar sem íslenk þjóf hefði verið lösus um aldir, þá hefði hún þó að lokum sigrazt á henni og því skyldi hún ekki einnig sigrazt á þessu snikjuðrri, sem óðrum.

Það voru glaðir og göngu- lónir karlar, er gengu til stofu að Hvammi, þar sem skógarvörðurinn býr og þágu



Ágúst Arnason mælir ársprotta sitkagrenis, 57 cm.

glaslegar veitingar skógræktarstjóra Hákonar Bjarnasonar. Gaman var að hlusta á ræður þeirra, er þeir gáfu ímyndunaraflinu sínu lausan taum og sáu í anda timburverksmiðju eina mikla á bókum Skorradalsvatns og trjabolina fljóta niður vatnið. Um þetta og annað skegg-ræddu þeir, en það sem mest var um vert var, að þeir voru ánægðir með þann minnisvarða er þeir höfðu reist sínum ástæsla lærifóður og kennara Halldóri Vilhjálmssyni. Þeir vildu hvetja Hvanneyringarmendur unga sem gamla til þess að sýna Halldórslundir söma á ökomum árum. Þeir strengdu þess heit að leiðarlökum að koma aftur í Halldórslund og eiga þar góðan dag. Þeir þökkðu skógræktarstjóra skemmtilegan dag og góðan veitingar og undir það tókum við Morgunblaðsmenn.



Skógarvörðurinn Ágúst Arnason og skógræktarstjóri Hákon Bjarnason við eitt tré í ungmennafélagslundinum.